

Reykjanesbær
Gunnar Kr Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 21.12.2021
UST202112-131/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - orkuvinnsla og iðnaður á Reykjanesi - Reykjanesbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 10. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir orkuvinnslu og iðnað á Reykjanesi í Reykjanesbæ.

Í erindinu kemur fram að viðfangsefni endurskoðunar deiliskipulagsins er að setja fram skipulagsskilmála um umfang og fyrirkomulag mannvirkja, orkuvinnslu og atvinnustarfsemi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið byggir á gildandi deiliskipulagi og gerir ráð fyrir sömu borteigum, vegum og mannvirkjagerð. Auk þess segir að í þágu atvinnuuppbyggingar og þróunar Auðlindagarðsins eru afmarkaðar nýjar lóðir við Lónsbraut til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem getur nýtt afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu.

Verndargildi

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að hér er um að ræða svæði sem hefur hátt verndargildi. Eins og kemur fram í greinargerð er svæðið á náttúruminjasrá og þar eru hraun, eldvörp og gígaraðir og hverasvæði sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Auk þess er svæðið að hluta til hverfisverndað og að hluta til á vatnsverndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er á náttúruverndaráætlun 2004 -2008 sem nefnist Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg og einnig er hluti svæðisins á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), B-hluta náttúruminjasrá, og nefnist það Öngulbrjótsnef.

Deiliskipulag – umhverfismat

Í kafla 4.3 um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum kemur fram að áhrif tillögunnar á jarðhitakerfið eru óviss og á gróður og fuglalíf, hljóðvist og loftgæði og verndarsvæði eru metin neikvæð.

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir: *Ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert.*

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé með ítarlegri hætti um leiðir og sett séu skilyrði til að draga úr neikvæðum áhrifum tillögunnar á umhverfið og náttúrunnar.

Strandlengja

Í greinargerð í kafla 4.3.8 segir að fyrirbyggjandi rannsókn á áhrifum affallsvatns á lífríki fjöru sýni ekki mun á lífríki fjörunnar eftir sniðum eða sem rekja mætti til áhrifa frá útfallsvatni Reykjanesvirkjunar. Sterkur straumur sjávar fyrir utan útrásina og mikið brim valda blöndun og þynningu affallsvatns virkjunarinnar og minnka þannig áhrif snefilefna á lífríkið og eru áhrif deiliskipulagsins á strandlengjuna metin óveruleg.

Í þeirri rannsókn Hafrannsóknastofnunar, sem vitnað er í, segir í lokaorðum: *Þessar athuganir styðja fyrri niðurstöður þar sem aukin uppsöfnun sinks og blýs í skúfþangi eru merkjanleg allt að 80 m norður af útrásinni og má rekja til affallsvatns Reykjanesvirkjunar. Styrkur kísils var einnig hærri í sjónum við útrásina þar sem sýni I var tekið og 80 m norðan við útrásina þar sem sýni II var tekið og má rekja hann til affallsvatnsins.*¹

Auk þess segir í umræðukafla rannsóknarinnar að *vetrargildi snefil- og næringarefna frá 2013 til 2019 sýndu að breytileiki milli sniða og ára var mikill. Þessar niðurstöður benda til að áhrif affallsvatnsins séu óveruleg nema á sniðum I og II sem eru næst útrásinni.*

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi betur um umhverfisáhrif tillögunnar á lífríkið næst útrásinni og fjalla nánar um útfellingar næst henni.

Umhverfisstofnun vill benda á að útrásin er á svæði sem á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) sem nefnist Öngulbrjótsnef² og er svæðið tilnefnt vegna fjöruvistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að strandsjávarvatnshlotið sem deiliskipulagssvæðið nær til fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og hefur vatnshlotanúmerið 104-1383-C og nefnist Þorlákshöfn að Höfnum. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að lög nr. 36/2011 séu höfð til hliðsjónar við mat á áhrifum á lífríki og ástand sjávar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið og eldvörpin á skipulagssvæðinu falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum, falla undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laganna.³

¹ <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1608030521-hv2020-45.pdf>

² <https://www.ni.is/greinar/su-ongulbrjotsnef>

³ <https://serstokvernd.ni.is/>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruþyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í kafla 4.3.7 í greinargerð umhverfismats segir að áhrif deiliskipulags á verndarsvæði eru metin neikvæð. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um vistkerfin og jarðminjarnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á vistkerfunum og jarðminjunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að í tillögunni verði unnið út frá núverandi mannvirkjum í stað þess að taka algerlega óröskuð svæði undir mannvirki.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruþyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Ásýnd

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að í greinargerðinni sé sett fram stefna um að fyrirhuguð mannvirkjagerð fari fram eins og kostur er í tengslum við núverandi mannvirki í stað þess að taka undir framkvæmdir algerlega óröskuð svæði.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að fella borteiga að landi en í því sambandi mætti einnig huga að lögun borteiga og hvort í vissum tilvikum sé unnt að aðlaga lögun borteiga að landformum og stökum jarðminjum án þess að skerða notagildi borteigsins. Hugla mætti að því hvernig staðið verði að frágangi borteiga þegar þeir hafa lokið hlutverki sínu.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Lífríki

Í greinargerð kemur fram að áhrif deiliskipulags á gróður og fuglalíf felst einkum í jarðraski sem fylgir mannvirkjagerð og hávaða sem fylgir starfsemi, svo sem borun og blæstri hola. Umhverfisstofnun bendir á að brennisteinsvetni (H₂S) getur haft neikvæð áhrif á lífríkið.

Loftgæði

Í greinargerð segir að áhrif deiliskipulagsins á loftgæði eru metin neikvæð. Umhverfisstofnun bendir á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði: „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur